



Stekkjaskóla, 3. janúar 2025

## Kæru nemendur og forráðamenn

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir samstarfið á liðnu ári.  
Vonandi eru allir búnir að hafa það gott yfir hátíðirnar.

### Annar áfangi skólabyggingarinnar afhentur

Þau gleðilegu tíðindi voru í vikunni fyrir jólaleyfi að annar áfangi skólans var afhentur sveitarfélaginu. Stórglæsileg bygging sem er með heimasvæði fyrir nemendur á miðstigi og unglíngastigi. Í þessum áfanga er einnig aðstaða fyrir upplýsingaver skólans (bókasafn), myndmenntastofa, náttúrufræðistofa með gróðurskála, hreyfirými, félagsaðstaða nemenda, nýsköpunarstofa og aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing og náms- og starfsráðgjafa. Til að byrja með tökum við aðeins heimastofur miðstigs í notkun.

### Nemendur í 1. bekk fá nýtt heimasvæði

Fyrir jólaleyfi voru flutningar á húsgögnum og búnaði úr færanlegu kennslustofunum yfir í aðalbyggingu skólans. Í dag var starfsdagur hjá starfsmönnum sem m.a. nýttu daginn til að koma sér vel fyrir á nýjum stað. Heimasvæði nemenda verður nú í á 1. hæð, í fyrstu stofu til hægri þegar gengið er inn eftir kennsluálmunni. Á mánudagsmorgun munu starfsmenn taka á móti nemendum 1. bekkjar í aðalbyggingu skólans en þeir eiga núna að ganga inn um aðalinngang skólans. Einnig er hægt að ganga inn frá skólalóðinni. Búið er að merkja snaga með nöfnum þeirra.

### Nýtt húsnæði fyrir nemendur miðstigs

Síðasta kennsludag fyrir jólaleyfi hjálpuðu nemendur miðstigs starfsfólki að flytja húsgögn og búnað yfir í 2. áfanga skólans. Það ríkti sannkölluð gleði meðal nemenda og starfsmanna að vera nú komin með stór og glæsileg kennslusvæði á nýju byggingunni. Heimasvæði þeirra er á 2. hæð.

Nemendur miðstigs eiga núna að ganga inn í skólann á nýjum stað, inngangur sunnan við aðalinnganginn. Búið er að koma fyrir snögum í anddyrinu og merkja með nöfnum nemenda.

Við hlökkum til að hitta nemendur eftir helgi.

Kærar kveðjur, starfsmenn Stekkjaskóla